

BREIKKUN HRINGVEGAR (1) Í HÖRGÁRDAL, HÖRGÁRBYGGÐ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að Breikkun Hringveggar (1) í Hörgárdal, Hörgárbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hörgárbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og áður en framkvæmdaleyfi verður leyft þarf að liggja fyrir staðfest aðalskipulag Hörgárbyggðar. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Skógræktarstjóri þarf að gefa leyfi ef fella þarf tré á skógræktarsvæðinu við Vagla, samkvæmt 6 gr. laga um skógrækt nr. 3/1955. Efnistaka er háð starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Í ljósi þess að frá 1. júlí 2008 er efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, telur Skipulagsstofnun æskilegt að útboðslýsing Vegagerðarinnar feli í sér að verktaki þurfi að sýna fram á að námur, sem nota á, hafi tilskilin leyfi til efnistöku.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. október 2008.

5. september 2008

INNGANGUR

Þann 25. júlí 2008 tilkynnti Vegagerðin til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hörgárbyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Norðurorku, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hörgárbyggð með bréfi dags. 21. ágúst 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 25. ágúst 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 18. ágúst 2008, Norðurorku hf. með bréfi dags. 6. ágúst 2008, Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 18. ágúst 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. ágúst og 1. September 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 27. ágúst 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í tilkynningu Vegagerðarinnar kemur fram að kaflí Hringvegur sem ætlunin sé að breikka í 10 m (vegtegund C10) liggí í austanverðum Hörgárdal, frá Krossastaðaá að stað skammt sunnan við Syðri-Bægisá, alls 9,7 km langur. Hönnunarhraði sé $\times 90$ km/klst. Ný veglína verði öll innan núverandi vegsvæðis vegarins, hæðarlega hans muni ekki breytast en minniháttar hliðranir verði á planlegu. Vegfláar verði annað hvort 1:3 eða 1:4, háð hæð fyllinga. Núverandi ræsi verði lengd, steiptur stokkur í Bægisárgili verði breikkaður og brýr yfir Krossastaðaá og Fossá breikkaðar og vegriðum komið þar fyrir. Meðfram brunnsvæði vatnsbólsins á Vöglum verði annað hvort sett vegrið eða vegfláar gerðir flatari en nú er, til að auka öryggi svæðisins. Vegagerðin gerir ráð fyrir að burðarlag verði bikbundið og slitlagið malbikað. Reynt verði að fækka tengingum til að auka umferðaröryggi. Tengingar að býlum, túnum, vatnsverndarsvæði, skógræktarsvæði og veiðistöðum við Hörgá verði aðlagðar veginum. Áætlað er að um 92.000 þús m³ af efni þurfi í verkið: um 24.000 m³ fáiast úr skeringum, sem nýtt verði í fyllingar og/eða fláafleyga, og verktaki muni útvega um 68.000 m³, sem komi úr námum með tilskilin leyfi. Vegagerðin gerir ráð fyrir að verkið verði unnið í tveimur áföngum. Fyrri áfangi, sem unninn verði haustið 2008, felist í breikkun og styrkingu vegarins og lengingu ræsa. Seinni áfanginn, sem unninn verði sumarið 2009, felist í lagningu bundins slitlags. Lok framkvæmda eru áætluð í byrjun júlí 2009. Vegagerðin hefur kynnt framkvæmdina fyrir Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Norðurorku hf.

Vegagerðin segir að markmið framkvæmdanna sé að fullnægja kröfum um burðarþol, auka umferðaröryggi, draga úr slyshættu og tryggja greiðari samgöngur á svæðinu í þeim tilgangi að bæta samgöngur á Norðurlandi.

Áhrif á mannlíf og umferðaröryggi. Fram kemur að Vegagerðin telur að vegfarendur muni verða varir við hávaða, ryk, og truflun á umferð vegna framkvæmdanna. Á framkvæmdatíma sé líklegt að þessir þættir muni hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum. Fram kemur að umferð og umferðarhraði á veginum hafi aukist á seinustu árum. Jafnframt hafi kröfur til umferðaröryggis vaxið og fyrirhuguð breikkun vegarins með flatari fláum og vegriðum sé m.a. til að mæta þeim kröfum. Vegagerðin telur að áhrif á mannlíf verði jákvæð að framkvæmdum loknum vegna öruggari og betri vegar.

Áhrif á landslag. Fram kemur að landslag í nágrenni framkvæmdasvæðisins sé fjölbreytt menningarlandslag sem hafi þegar verið raskað með núverandi vegi,

námuvinnslu og búskap. Í fyrirhugaðri framkvæmd sé gert ráð fyrir að hæðar- og planlegu vegarins verði lítið breytt frá því sem nú er og gengið verði þannig frá vegsvæði að vegurinn falli vel að landi. Svæði sem raskast vegna framkvæmdanna muni gróa fljótt og ummerki þeirra í landslaginu því vara stutt. Með hliðsjón af framangreindu geri Vegagerðin ráð fyrir að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á landslag.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að meðfram veginum séu ræktuð tún og gömul beitolönd. Sum býlanna séu í eyði en á þeim jörðum séu frístundahús. Friðaður skógarreitur sé á Vöglum á Þelamörk sem sé í umsjón Skógræktar ríkisins og vegurinn liggja um vatnsverndarsvæði (samhliða brunnsvæði) Akureyrar og nágrennis við áreyrar Hörgár. Vitað sé að tvær vatnslagnir þveri veginn ofan við brunnsvæðið en kannað verði hvort fleiri lagnir liggja undir eða við veginn áður en framkvæmdir hefjist, til að koma í veg fyrir að þær raskist við framkvæmdina. Mögulega þurfi að raska girðingum en í þeim tilfellum muni Vegagerðin girða á ný í samráði við landeigendur að framkvæmdum loknum. Tryggðar verði veltengingar þar sem við á. Vegagerðin telur að framkvæmdirnar muni hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu enda standi einungis til að breikka núverandi veg og fyrirhugað framkvæmdasvæði verði að mestu utan girðinga.

Áhrif á vatnsgæði. Fram kemur að framkvæmdasvæðið fari ekki um votlendi en liggja innan grann- og fjarsvæðis vatnsverndarsvæðisins á Vöglum á Þelamörk. Vatnið í vatnsbólunum sé grunnvatn sem að meginstofni til sé vatn sem hripað hafi niður úr farvegi Hörgár en einnig úr þverám og afrennsli úr hlíðum dalsins. Vatnsbólin sé nýtt sem aukavatnsból fyrir Akureyri. Frá nyrðri enda framkvæmdasvæðisins verði fyrstu 2 km vegarins ýmist innan grannsvæðis vatnsbólsins eða ofan brunnsvæðis þess og næstu 4 km þar á eftir liggja hann innan grannsvæðis vatnsbólsins. Á syðri enda framkvæmdasvæðis liggja hann um fjarsvæði vatnsbólsins (u.þ.b. 2,5 km kafla). Fram kemur að á meðan framkvæmdum standi verði aukin hættu á mengunarslysi en að þeim loknum sé líkur á að slík hættu verði minni en nú er vegna aukins umferðaröryggis og minni hættu á slysum. Vegagerðin álitur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsverndarsvæðið og annan vatnsbúskap á svæðinu.

Áhrif á náttúrufar. Fram kemur að ekki hafi verið gerð könnun á gróðri eða fuglalífi í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Framkvæmdin muni að mestu leyti liggja innan núverandi vegsvæðis eða svæðis sem hafi þegar verið raskað með búfjarbeit, túnræktun og mannvirkjagerð. Vegagerðin telur að framkvæmdin geti haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur og á gróðurfar nyrst á framkvæmdasvæðinu, þar sem gróður hefur dreift sér meðfram veginum. Öllum lífrænum jarðvegi í yfirborði skeringa verði ýtt til hliðar, hann geymdur og notaður við frágang í lok framkvæmda. Ef raska þurfi skógi innan skógræktargirðingar verði jafn stórt svæði grætt upp í samráði við Skógrækt ríkisins. Samráð verði haft við Norðurorku og Heilbrigðiseftirlit varðandi uppgræðslu í nágrenni brunnsvæðisins. Vegagerðin telur að áhrif framkvæmdarinnar á gróður, fugla og jarðmyndanir verði óveruleg.

Áhrif á fornminjar Fram kemur að ekki þyki ástæða til að gera úttekt á fornminjum þar sem endurbætur á núverandi vegi felist í breikkun og styrkingu hans og fari fram innan svæðis sem þegar hefur verið raskað. Ennfremur að í útboðsgögnum verði lögð áhersla á að landi utan framkvæmdasvæðis verði ekki raskað. Framkvæmdin muni því ekki hafa áhrif á fornleifar á svæðinu. Ef fornleifar finnast muni Vegagerðin hafa samráð við minjavörð Norðurlands eystra um aðgerðir samkvæmt þjóðminjalögum.

Áhrif á hljóðvist og loftgæði. Fram kemur að vegna umferðar stórra vinnuvéla muni hljóð- og loftmengun á svæðinu aukast meðan á framkvæmdum standi. Að þeim loknum sé gert ráð fyrir að hljóð og loftmengun verði að minnsta kosti svipuð og nú, hugsanlega minni ef valið verði endingarbetra og hljóðlátara slitlag en notað sé í núverandi vegi.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að aðalskipulag Hörgárbyggðar sé í vinnslu. Ekki sé þörf á skipulagsbreytingu vegna framkvæmdanna þar sem um sé að ræða endurbætur á núverandi vegi. Vegagerðin muni sækja um framkvæmdaleyfi til Hörgárbyggðar og mælast til að leyfið verði veitt á grundvelli 3. t. bráðabirgðaákvæða Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Heildaráhrif. Vegagerðin gerir ráð fyrir að heildaráhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins verði óveruleg. Umgengni verktaka innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis verði háð skilyrðum til að minnka hættu á að vatnsverndarsvæði mengist. Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar felist í bættum samgöngum, meira umferðaröryggi og hugsanlega minni hættu á mengun vegna færri umferðarslysa.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Hörgárbyggð, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Norðurorka, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Vegna væntanlegra skógarruðninga við Vagla bendir Skógrækt ríkisins á að samkvæmt lögum um skógrækt má engum skógi eyða nema með samþykki Skógræktar ríkisins og því aðeins að sýnt sé fram á mótvægisáðgerðir. Eigi það jafnt við um náttúrulegan skóg og skóg sem stofnað hefur verið til með gróðursetningu og eða sáningu.

Áhrif á vatnsgæði. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra bendir á að rekstur vinnubúða sé háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Vegna nálægðar framkvæmdanna við vatnsból verði lögð áhersla á að meðferð tækja og mengandi efna verði þannig að dragi úr hættu á mengun á athafnasvæðinu. Jafnframt verði lögð áhersla á aðgerðir til að lágmarka hættu á jarðvegsfoki vegna framkvæmdanna. Í umsögn Norðurorku kemur fram að á samráðsfundi sem félagið átti með Vegagerðinni hafi því verið heitið að í útboðsgögnum vegna framkvæmdanna verði skilyrt að verktaki fari að reglum um umgengni á vatnsverndarsvæðum.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fyllstu varúðar verði gætt við meðferð tækja og mengandi efna meðan á framkvæmdum standi og að í útboðsgögnum framkvæmdanna komi skýrt fram hverjar skyldur verktaka verði vegna vinnu og umferðar um vatnsverndarsvæði. Umhverfisstofnun tekur undir það sjónarmið Vegagerðarinnar að hætta á óhöppum sem valdið geta mengun minnki með öruggari vegi. Aukin umferð í framtíðinni muni aftur á móti auka slíka hættu og væntanlega hafa neikvæð áhrif á nýtingu neysluvatns frá svæðinu.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að eftirlitsaðilar frá Vegagerðinni muni sjá til þess að útboðslýsingu verði fylgt eftir. Jafnframt er ítrekað að farið verði eftir þeim skilyrðum sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Norðurorka setja og verkið verði unnið í samráði við fulltrúa þeirra.

Áhrif á jarðmyndanir. Umhverfisstofnun telur umfjöllun Vegagerðarinnar um efnistöku vera misvísandi. Ýmist sé gert ráð fyrir að nýta eingöngu efni sem til komi vegna skeringa meðfram veginum eða að taka eigi efni hvort tveggja úr skeringum og námum. Telur stofnunin að í útboðsgögnum eigi að koma fram að allt efni umfram það sem falli til í skeringum komi úr námum með tilskilin leyfi og verktaka sé gert að staðfesta slíkt skriflega.

Í svari Vegagerðarinnar er ítrekað að það efni sem falli til úr skeringum meðfram veginum verði nýtt í framkvæmdina, annað efni verði sótt í námur með tilskilin leyfi. Eftirlitsaðilar frá Vegagerðinni muni sjá til þess að útboðslýsingu verði fylgt eftir.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að verktaki eigi að sýna fram á að tilskilin leyfi vegna efnistöku séu fyrir hendi og sé hluti þeirra tilboðsgagna sem verktaka beri að skila. Þannig sé gengið úr skugga um að ákvæði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd varðandi efnistöku séu uppfyllt.

Áhrif á menningarminjar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að minjavörður Norðurlands eystra hefur farið í vettvangsferð á framkvæmdasvæðið og að þar hafi engar fornleifar fundust.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Fyrirhuguð framkvæmd. Um er að ræða breikkun 9,7 km löngum kafla Hringvegur á austanverðum Hörgárdal, frá Krossastaðaá að stað skammt sunnan við Syðri-Bægisá. Ný veglína verði öll innan núverandi vegsvæðis vegarins og hæðarlega hans óbreytt en minniháttar hliðranir verði á planlegu. Vegurinn er innan grann- og fjarsvæðis vatnsverndarsvæðisins á Vöglum á Þelamörk, eins af varavatnsbólum Akureyringa, og þar er einnig friðaður skógarreitur. Áætlað er að um 92.000 þús m³ af efni þurfi í verkið: um 24.000 m³ fái úr skeringum og um 68.000 m³ komi úr námum. Vegagerðin gerir ráð fyrir að verkið verði unnið í tveimur áföngum. Lok framkvæmda eru áætluð í byrjun júlí 2009.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Samfélagsleg áhrif. Allar líkur eru á því að breiðari vegur með vegriðum og flatari fláa en nú eru við veginn muni auka öryggi vegfaranda. Skipulagsstofnun telur því líkur á að færri slys verði á þessum kafla vegarins þegar framkvæmdum er lokið sem leiði til jákvæðra samfélagslegra áhrifa.

Með hliðsjón af verklýsingu Vegagerðarinnar telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmdarinnar muni hafa óveruleg og tímabundin neikvæð áhrif á landnotkun á svæðinu.

Sjónræn áhrif á landslag. Fyrir liggur ætlun Vegagerðarinnar um að jafna og græða svæðið að framkvæmdum loknum til þess að draga úr ummerkjum þeirra í landinu. Ljóst er að framkvæmdin mun hafa tímabundið rask í för með sér, sem mun hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins, en lítil að frágangi loknum.

Áhrif á náttúrufar. Framkvæmdin mun að hluta vera innan friðaðs skógarreits en að öðru leyti innan svæðis sem hefur áður verið raskað með landbúnaði eða mannvirkjagerð. Með hliðsjón af því verklagi sem lýst er í gögnum Vegagerðarinnar telur Skipulagsstofnun að neikvæð áhrif framkvæmdanna á náttúrufar verði óveruleg. Í ljósi þess að frá 1. júlí 2008 er efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, vill Skipulagsstofnun

taka undir tillögu Umhverfisstofnunar um að útboðslýsing feli í sér að verktaki þurfi að sýna fram á að tilskilin leyfi til efnistöku séu fyrir hendi.

Áhrif á vatnsgæði. Fyrir liggur að til þess að draga úr hættu á vatnsmengun muni Vegagerðin framfylgja reglum um meðferð tækja og mengandi efna á vatnsverndarsvæðum í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Norðurorku. Því telur Skipulagsstofnun líklegt að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á vatnsból verði óveruleg meðan á framkvæmdum standur og áhrifin verði jákvæð að þeim loknum vegna aukins umferðaröryggis og þar með minni hættu á mengun í tengslum við umferðarslys.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breikkun Hringvegur (1) í Hörgárdal, Hörgárbyggð, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hörgárbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og áður en framkvæmdaleyfi verður leyft þarf að liggja fyrir staðfest aðalskipulag Hörgárbyggðar. Skógræktarstjóri þarf að gefa leyfi ef fella þarf tré á skógræktarsvæðinu við Vagla, samkvæmt 6 gr. laga um skógrækt (nr. 3/1955). Efnistaka er háð starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir, sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. október 2008.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson